

Ed.

102. Frumvarp til laga

[89. mál]

um orlof.

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971.)

1. gr.

Allir þeir, sem starfa í þjónustu annarra gegn launum, hvort sem þau eru greidd í peningum eða öðrum verðmætum, eiga rétt á orlofi ásamt orlofsfé eða launum samkvæmt reglum þessara laga.

2. gr.

Lög þessi rýra ekki viðtækari orlofsrétt samkvæmt öðrum lögum, samningum eða venjum.

Samningur um minni rétt til handa launþegum en lög þessi ákveða er ógildur.

3. gr.

Orlof skal vera 2 dagar fyrir hvern unninn mánuð á síðasta orlofsári og reiknast hálfur mánuður eða meira sem heill mánuður, en skemmri tími telst ekki með. Það telst vinnutími samkvæmt þessari grein, þótt maður sé frá vinnu vegna veikinda eða slysa, meðan hann fær kaup greitt, eða hann er í orlofi. Sunnudagar og aðrir helgidagar teljast ekki orlofsdagar.

Orlofsárið er frá 15. maí til 14. maí.

4. gr.

Af orlofinu skulu a. m. k. 18 orlofsdagar veittir á tímabilinu frá 2. maí—30. september. Ef orlof er skemmra en 18 dagar, skal það veitt í einu lagi á þessu tímabili. Afganginn af orlofinu skal einnig veita í einu lagi, en það má veita á öðrum tíma árs.

Í vinnu við landbúnað, byggingar og samgöngur má veita allt að helmingi orlofsins utan orlofstímabilsins.

Aðilar geta með samkomulagi vikið frá reglum þessarar greinar um skiptingu orlofs. Orlofi skal þó alltaf lokið fyrir lok orlofsársins.

5. gr.

Atvinnurekandi ákveður í samráði við launþega, hvenær orlof skuli veitt. Hann skal verða við óskum launþega um, hvenær orlof skuli veitt, að svo miklu leyti, sem unnt er vegna starfseminnar. Atvinnurekandi skal tilkynna launþega svo fljótt sem unnt er og í síðasta lagi mánuði fyrir byrjun orlofs, hvenær orlof skuli hefjast, nema sérstakar ástæður hamli.

6. gr.

Geti starfsmaður ekki vegna veikinda farið í orlof á þeim tíma, sem vinnuveitandi ákveður samkvæmt 5. gr., skal hann sanna forföll sín með vottorði sjúkrasamlagslæknis síns eða héraðslæknis. Getur starfsmaður þá krafizt orlofs á öðrum tímum en ákveðið er í 4. gr., en þó ekki síðar en svo, að orlofi hans sé lokið fyrir 31. maí næstan á eftir.

Geti starfsmaður ekki vegna veikinda farið í orlof fyrir þann tíma, á hann rétt á að fá orlofsfé sitt greitt, ef hann sannar veikindi sín á sama hátt og að ofan greinir.

7. gr.

Atvinnurekandi skal greiða í orlofsfé $8\frac{1}{3}\%$ af launum.

Nú er kaup greitt með fæði, húsnæði eða öðrum hlunnindum, og greiðist þá orlofsfé af verðmæti þess, sem miðast við mat skattayfirvalda við síðustu ákvörðun tekjuskatts.

Eigi skal reikna orlofsfé af greiðslum, sem ekki eru tekjuskattskyldar hjá orlofsþega. Sama gildir um orlofslaun og orlofsfé.

Krafa um greiðslu orlofsfjár er forgangskrafa í dánar- eða þrotabú atvinnurekanda til jafns við kröfur þær, sem um ræðir í 83. gr. b. 5. lið skiptalaganna, nr. 3 12. apríl 1878.

8. gr.

Fastur starfsmaður fær laun í orlofi í stað orlofsfjár, auk þess eftir atvikum fæði, húsnæði og önnur hlunnindi eftir mati samkvæmt 2. mgr. 7. gr.

Nú skiptir fastur starfsmaður um starf einhvern tíma á orlofsárinu, og ber þá að greiða honum orlofsfé í stað orlofslauna á því orlofsári öllu.

Laun fyrir orlofsdaga skulu greidd næsta virkan dag, áður en orlof hefst.

9. gr.

Nú liggur atvinnurekstur niðri, á meðan á orlofi stendur, vegna þess að starfsfólkinu er veitt orlof samtímis, og geta þá þeir launþegar, sem ekki eiga rétt á fullu orlofi, ekki krafizt launa eða orlofsfjár fyrir þá daga, sem á vantar.

10. gr.

Félagsmálaráðherra setur reglur um útreikning orlofsfjár launþega, sem ekki taka laun beint frá atvinnurekanda sínum, heldur fá greitt í þjónustugjaldi eða á annan hátt, sem er frábrugðinn venjulegum greiðslumáta launa.

11. gr.

Orlofsfé skal greitt á þann hátt, að tryggt sé, að launþeginn fái það í hendur, þegar hann tekur orlof. Félagsmálaráðherra setur reglugerð um þetta atriði í samráði við Alþýðusamband Íslands, Vinnuveitendasamband Íslands og Vinnumálasamband samvinnufélaganna.

12. gr.

Óheimilt er manni að vinna fyrir launum í starfsgrein sinni eða skyldum starfsgreinum, meðan hann er í orlofi, og má setja um þetta nánari ákvæði í reglugerð.

13. gr.

Framsál orlofsfjár og flutningur þess á milli orlofsára er óheimilt.

Orlofsfé, sem orlofsþegi hefur ekki tekið út innan árs frá lokum orlofsársins, rennur í lífeyrissjóð orlofsþega sem aukaiðgjald af hans hálfu til sjóðsins. Um réttindi, sem slíkar iðgjaldagreiðslur veita, fer eftir reglum hlutaðeigandi sjóðs.

14. gr.

Kröfur á hendur vinnuveitendum samkvæmt lögum þessum fyrnast eftir sömu reglum og kaupkröfur samkvæmt lögum nr. 14 20. okt. 1905, um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda.

15. gr.

Það varðar sektum, er renna í ríkissjóð, ef:

1. Vinnuveitandi lætur starfsmann sinn ekki fá orlof eða orlofsfé samkvæmt lögum þessum, nema um ítrekað brot sé að ræða, því að þá má dæma hann til varðhalds.
2. Vinnuveitandi gerir samning við starfsmann sinn, sem bannaður er í 2. gr. 2. mgr.
3. Starfsmaður brýtur ákvæði 12. og 13. gr., og skal þá jafnframt, ef brot er ítrekað, ákveða með dómi missi orlofsréttar næsta orlofsár eftir að dómur er kveðinn upp.

Mál út af brotum þessum skulu sæta meðferð opinberra mála. Sökin fyrnist, ef mál er eigi höfðað áður en næsta orlofsári lýkur, eftir að brot var framið.

16. gr.

Ef eigi er öðruvisi ákveðið í lögum þessum, skulu öll mál út af réttindum og skyldum samkvæmt þeim og til fullnægingar öllum kröfum í því sambandi heyra undir félagsdóm.

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1972.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Orlofslaun fastra starfsmanna miðast við 22 daga virka á árinu 1972.
2. Ákvæði í kjarasamningum verkalyðsfélaga og vinnuveitenda um, að 21 orlofsdagur skuli veittur á tímabilinu 1. júní til 15. september, skulu breytast til samræmis við fyrstu málsgrein 4. gr., nema aðilar verði með nýjum samningum ásáttir um annað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með bréfi, dags. 29. september 1971, skipaði félagsmálaráðherra nefnd til þess að endurskoða lög nr. 16/1943 um orlof, einkum með tilliti til þess, að orlof skuli lengt í fjórar vikur og framkvæmd orlofslaganna auðvelduð. Í nefndinni eru þessir menn: Snorri Jónsson, Guðmundur H. Garðarsson og Hermann Guðmundsson, tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands, Jón H. Bergs og Kristján Ragnarsson, tilnefndir

af Vinnuveitendasambandi Íslands og Harry Frederiksen, tilnefndur af Vinnuálagssambandi samvinnufélaganna. Formaður nefndarinnar var skipaður Hjálmar Vilhjálmsson án tilnefningar. Vegna fjarveruforfalla einstakra nefndarmanna hafa eftirtaldir tekið sæti í nefndinni: Björn Þórhallsson, Björn Jónsson og Júlíus Valdimarsson.

Helztu breytingar frá gildandi löggjöf um orlof, sem felast í þessu frumvarpi, eru þessar:

1. Gert er ráð fyrir lengingu orlofstímans í 4 vikur, þ. e. úr 21 degi virkum í 24 daga virka, og hækkun orlofsfjár úr 7% í 8 $\frac{1}{3}$ %.

2. Lagt er til, að ákvæði um orlofsmerki, orlofsbækur og vottorðagjafir í sambandi við töku orlofs verði sett með reglugerð, sem tryggji það, að orlofsþegi fái orlofsfé í hendur, þegar hann fer í orlof. Nefndin hefur enn ekki gert frumvarp að þessari reglugerð, en hún stefnir að því, að reglugerðin verði sett þegar eftir gildistöku laganna.

3. Gert er ráð fyrir lengingu orlofstímabilsins og skiptingu orlofs, sbr. 4. gr. frv.

4. Nýmæli er varðandi töku orlofs, þegar orlof er veitt öllu starfsfólki fyrirtækis samtímis, sbr. 9. gr., en slík atvik gerast nú æ tíðari.

5. Nýmæli er um flutning orlofsfjár á milli orlofsára þannig, að ef orlofsþegi hefur ekki tekið út orlofsfé innan árs frá lokum orlofsárs, rennur það sem aukagjald til lífeyrissjóðs hans, sbr. 13. gr.

6. Loks má geta þess, að efnisskipun frumvarpsins er í verulegum atriðum á annan veg en nú er í orlofslögunum.

Hér fara á eftir athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Að efni til er þessi grein samhljóða 1. gr. gildandi laga, en öðruvísi orðuð.

Um 2. gr.

Ákvæðin eru efnislega samhljóða 2. gr. gildandi laga, en orðalagi nokkuð breytt.

Um 3. gr.

Hér er um tvær breytingar að ræða á 3. gr. gildandi laga. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir lengingu orlofs úr 1 $\frac{3}{4}$ dags í 2 daga fyrir hvern unninn almanaxsmánuð á síðasta orlofsári, þ. e. úr 21 virkum degi á ári í 24 virka daga. Þessi breyting er í samræmi við yfirlýsta stefnu ríkisstjórnarinnar. Í öðru lagi segir í frumvarpsgreininni, að sunnudagar og aðrir helgidagar teljist ekki orlofsdagar. Um þetta eru ekki ákvæði í gildandi lögum hér á landi, en hliðstæð ákvæði þessu eru í lögum Dana og Norðmanna. Þessi regla er og í samræmi við reglur þær, sem gilda um orlof opinberra starfsmanna. Ákvæði laga þessara eru lágmarksákvæði. Af því leiðir, að heimilt er að semja t. d. um það, að virkir dagar, sem menn hafa unnið af sér, teljist ekki til orlofsdaga. Efnisbreytingar eru ekki aðrar frá 3. gr. gildandi laga.

Um 4. gr.

Þessi grein svarar nánast til 9. gr. gildandi laga. Greinin fjallar um orlofstímabilið og skiptingu orlofs og er nokkuð mótuð í samræmi við norsk og dönsk lög um þessi efni. Í raun og veru er sá háttur, sem gert er ráð fyrir í greininni, heimill samkvæmt gildandi lögum, sbr. 2. mgr. 9. gr. laganna.

Um 5. gr.

Efni þessarar greinar er nánast hliðstætt því, sem segir í 10. gr. laganna og fjallar um það, hvenær orlof skuli veitt. Fyrirvarinn, sem launþega ber, er samkvæmt 10. gr. laganna a. m. k. vika, en gert er ráð fyrir, að hann verði lengdur í mánuð. Í dönskum lögum er hann einn mánuður. Ákvæðum 2. mgr. 10. gr. um orlofsbók er sleppt, sbr. 11. gr. frv.

Um 6. gr.

Þessi grein er samhljóða 11. gr. laganna, en ákvæðinu um orlofsbókina er sleppt, sbr. athugasemd við 11. gr. frv.

Um 7. gr.

Í 1. mgr. 7. gr. er ákvæðið um orlofsfé.

Ákvæði 2. mgr. 4. gr. laganna um, að orlofsfé skuli miðað við dagvinnutaxta þó unnið sé í yfirvinnu, er fellt niður, þar eð sú viðmiðun tíðkast ekki lengur.

Ákvæði 2. mgr. um kaup greitt í öðru en peningum er samhljóða 7. gr. laganna.

Í 3. mgr. eru ákvæði um þau efni, sem nú eru í 6. gr. laganna. Ákvæði þessi eru eins og í dönskum lögum.

Síðasta mgr. er samhljóða síðustu mgr. 4. gr. laganna.

Um 8. gr.

Í 1. mgr. þessarar greinar er ákvæði um orlofslaun, sem fastir starfsmenn njóta í stað orlofsfjár. Þessi ákvæði eru efnislega eins og 4. mgr. 4. gr. laganna.

Í 2. mgr. eru ákvæði samhljóða 5. mgr. 4. gr. laganna, að öðru en því, að orlofsmerkja er ekki getið, sbr. 11. gr. frv.

Í stað ákvæðis 6. mgr. 4. gr. virðist nægilegt að ákveða svo sem sagt er í 2. mgr. frv. Ef fastur starfsmaður skiptir um atvinnurekanda einhvern tíma á orlofsárinu fær hann greitt orlofsfé í stað orlofslauna, þar til því orlofsári er lokið. Um orlofslaun er þá ekki að ræða hjá honum á meðan hann er í orlofi næst á eftir orlofsárinu.

Um 9. gr.

Þessi regla er nýmæli en í samræmi við ákvæði danskra laga og norskra. Það tíðkast í vaxandi mæli, að vinnustöðvum er lokað og að allt starfsfólkið fari í orlof samtímis. Ákvæðið er í samræmi við þessi atvik.

Um 10. gr.

Í stað ákvæðis 5. gr. laganna er gert ráð fyrir reglugerð um útreikning orlofsfjár þeirra, sem ekki taka laun beint frá atvinnurekanda sínum, sbr. þjófú o. fl.

Um 11. gr.

Í stað dreifðra ákvæða í lögnum um orlofsmerki, orlofsbækur og vottorðsgjafir, sbr. 8., 12., 13. og 14. gr. laganna, er hér lögð áhersla á það, að orlofsfé verði greitt á þann hátt, að tryggt sé, að launþeginn fái það í hendur, þegar hann fer í orlof. Gert er ráð fyrir, að reglur um framkvæmdina verði settar af ráðherra í samráði við heildarsamtökin, með það fyrir augum að komast svo sem unnt er hjá orlofsmerkjum og mjög mikilli skriffinnsku, sem nú er, en tryggir þó engan veginn tilgang laganna. Ákvæði 11. gr. frv. er samhljóða dönskum lögum um þetta efni.

Um 12. gr.

Greinin er samhljóða 16. gr. laganna.

Um 13. gr.

Nýmæli er í 2. mgr. frv. þess efnis, að orlofsfé, sem ekki er tekið innan árs frá lokum orlofsárs, skuli renna í lífeyrissjóð orlofsþega.

Um 14. gr.

Greinin er samhljóða 15. gr. laganna.

Um 15. og 16. gr.

Ákvæðin samhljóða 18. og 19. gr. laganna.

Samkomulag var um frumvarpið að öðru leyti en því er snertir 4. gr. og upphæð orlofsfjár, sbr. 7. gr.

Í stað 18 daga í 4. gr. leggja fulltrúar A.S.Í. til, að komi 21 dagur og í stað 2. maí til 30. sept. komi 2. maí til 15. sept. Enn fremur leggja sömu fulltrúar til, að í stað orðanna: „byggingar og samgöngur“ í 2. mgr. komi: „síldveiðar“.

Varðandi orlofsfjárhæð leggja fulltrúar atvinnurekenda til, að það verði 8% í stað 8½%.